

Streptococcosýkingar

13/3/2008

Undanfarið hefur aðsókn á bráðamóttökum heilsugæslunnar aukist umtalsvert vegna ótta við sýkingar af völdum streptókokka. Talsvert hefur verið um að börn með eða án einkenna um hálsbólgu séu send úr leikskólanum til læknis með fyrirmæli um að fá stök frá hálsi í rannsókn. Jafnvel hefur borið á því að börnum sé meinað að koma í leikskólann fyrr en streptókokkar hafa verið útilokaðir.

Að gefnu tilefni óskar því undirritaður sóttvarnarlæknir á Norðurlandi og yfirlæknir HAK að koma eftirfarandi á framfæri:

- Flestar hálsbólgur orsakast af veirum og því er ekki ástæða til að meðhöndla hálsbólgu með sýklalyfjum nema ef *streptókokkar* eru orsakavaldurinn (hálsbólga af völdum *Streptococcus pyogenes*, þ.e. Group A Beta Haemolytic Streptococci, GABHS).
- Allt að 20% (6–40%) fólks geta verið einkennalausir *GABHS*-berar, þ.e. bera bakteríuna í hálsinum án þess að vera veikir eða smita aðra og **þurfa ekki sýklalyfjameðferð**.
- Streptococcosýkingar greinast með ræktun úr hálsi eða hraðgreiningarprófi.

Ákveðin lykileinkenni eru hjálpleg við að meta þörfina á slíkri greiningu:

1. Hiti meiri en 38,5°C
2. Eitlabólgu á hálsi
3. Skánir á hálskirtlum/dreifður roði á gómbogum
4. **Ekki kvef eða hósti**

Annað sem getur bent til *GABHS*-hálsbólgu (*Streptococcus pyogenes*):

- Hraður sjúkdómsgangur
- Mikil særindi við að kyngja
- Smáblæðingar á gómbogum
- Bólginn rauður úfur
- Jarðarberjatunga
- Fölvi kringum munn
- Erfitt að opna munn
- Lystarleysi, kviðverki, uppköst (hjá mjög ungum börnum)

Greininguna skyldi hins vegar alltaf staðfesta með hraðgreiningarprófi eða ræktun úr hálsi.

Ef 0–1 lykilatriði (af liðum 1-3) er til staðar er ólíklegt að um hálsbólgu af völdum *GABHS* sé að ræða og því ekki ástæða til að gera hraðgreiningarpróf eða fá ræktun úr hálsi.

Að framansögðu vil ég áréttta nokkur lykilateiði:

- Streptococcosýkingar eru algengar allt árið um kring.
- Stór hluti þeirra læknast af sjálfu sér, án sýklalyfjameðferðar.
- Streptococcosýkingar í hálsi eru mjög sjaldan hættulegar. Bólgur í hjartaþeli af völdum GABHS hafa ekki greinst í áratugi á Íslandi.
- Líkur á því að fá alvarlegar afleiðingar eru jafnvel minni en af penicillinnotkun.
- Einkenni GABHS-sýkingar eru fyrst og fremst hiti og hálsbólga. Ef kvef og hósti er til staðar mælir það sterklega gegn streptococcosýkingu.
- Ekki er ástæða til að taka ræktun/hraðgreiningarpróf af einkennalausum einstaklingum eða þeim sem klárlega eru með veirusýkingu: hita, hósta og/eða kvef, jafnvel þó hálsþærindi séu til staðar.
- Aldrei er ástæða til að prófa önnur börn á leikskóla, hjá dagmæðrum eða á heimili, þó eitt þeirra hafi greinst með GABHS-sýkingu, ef þau uppfylla ekki ofangreind skilmerki.
- Minni ennfremur á að þegar börn hafa verið veik heima þá sé það meginreglan þegar metið er hvenær þau eigi að koma aftur í leikskólann/til dagmæðra að þau hafi verið hitalaus a.m.k. sólarhring og hafi endurheimt þrótt sinn (séu eins og þau eiga að sér að vera). Athugið að heilsa barnsins er hér í fyrirrúmi. Smithætta gagnvart öðrum börnum er atriði sem ekki ætti að vera að velta sér mikið upp úr þar sem nánast ómögulegt er að komast fyrir smit.

Virðingarfyllst

Þórir V. Þórisson

Yfirlæknir
Heilsugæslustöðinni á Akureyri
og
sóttvarnarlæknir á Norðurlandi